

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2021

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) 2021, var haldinn þriðjudaginn 23. mars 2021 kl. 18:00 í Gullteigi á Grand Hótel Reykjavík. Vegna samkomutakmarkanna vegna Covid-19 faraldursins og til að tryggja aðgang sjóðfélaga að ársfundinum var fundurinn jafnframt aðgengilegur í gegnum streymi fyrir fundargesti í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík og með rafrænni þátttöku á netinu.

Stefán Sveinbjörnsson, formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði tillögu um Ólaf Gústafsson, lögmann, sem fundarstjóra og var tillagan einróma samþykkt af fundarmönnum. Fundarstjóri gerði tillögu um að Helga Lára Hauksdóttir, lögmaður hjá lífeyrissjóðnum, yrði fundarritari og var það samþykkt. Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins en hann var auglýstur í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu 18. febrúar s.l. Ennfremur voru sérstakar tilkynningar sendar aðildarsamtökum sjóðsins með áskildum fyrirvara. Þá voru aðrar auglýsingar síðar um aðalfundinn í dagblöðum og útvarpi og á vef sjóðsins. Lýsti fundarstjóri því fundinn lögmeitan.

Því næst var gerð grein fyrir dagskrá fundarins og í kjölfarið var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Stefán Sveinbjörnsson, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar. Skýrsla stjórnar er í fylgiriti með fundargerðinni.

2. Greinargerð framkvæmdastjóra

Guðmundur Þ. Þórhallsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins, gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2020, ásamt því gerði hann grein fyrir tryggingarfræðilegri athugun, fjárfestingarstefnu og fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Einnig gerði hann grein fyrir skipan stjórnar og skipun fulltrúaráðs. Yfirferð framkvæmdastjóra er á kynningarglærum með fundargerðinni.

3. Hluthafastefna og sjálfbæriskýrsla

Tómas N. Möller, yfirlögfræðingur sjóðsins og ábyrgðarmaður samfélagsábyrgðar hjá sjóðnum gerði grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins, gildissviði hennar og hvernig henni er beitt í framkvæmd við starfsemi sjóðsins. Þá var kynnt sjálfbæriskýrsla LV 2020 og helstu áhersluatriði skýrslunnar. Árið 2019 gaf sjóðurinn út samfélagsskýrslu og hefur efni hennar verið dýpkað og er því nú útgefin sem sjálfbæriskýrsla. Mikil vinna hefur verið unnin innan sjóðsins að greina starfsemi hans út frá umhverfispáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Hefur það verið gert í rekstri sjóðsins, við útgreiðslu lífeyris og við fjárfestingar. Í þessari vinnu hafa verið sett á laggirnar fjölmörg verkefni sem styðja við sjálfbærni og ber þar helst að nefna að á árinu 2021 er stefnt að innleiðingu á uppfærðri stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Sjálfbæriskýrslan er hluti af ársreikningi lífeyrissjóðsins og hluthafastefnuna er að finna á vef sjóðsins, live.is.

Opnað var fyrir umræðu um ofangreinda liði á dagskrá fundarins. Engin kvaddi sér hljóðs.

4. Starfskjarastefna

Stefán Sveinbjörnsson, stjórnarformaður og nefndarmaður í nefnd um laun stjórnarmanna, gerði grein fyrir tillögu að uppfærðri starfskjarastefnu sjóðsins. Starfskjarastefnan hefur verið rýnd og uppfærð. Helstu

breytingar fela í sér að nú er vísað til jafnlaunavottunar, gagnsæis og málefnalegra sjónarmiða við ákvörðun launa. Þá er mælt fyrir um að nefnd um laun stjórnarmanna geri tillögu að stjórnarlaunum og launum undirnefnda en áður var það ákvörðun stjórnar. Gerð er tillaga um að heimilt sé að greiða ferðakostnað stjórnarmanna sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Ítarlegri ákvæði eru um laun framkvæmdastjóra, endurskoðun launa og takmörkun varðandi lífeyris og starfslokagreiðslur. Þá eru sett almenn viðmið varðandi starfskjör forstöðumanna og annarra starfsmanna. Nýtt ákvæði er um ábyrgðartryggingu stjórnarmanna og lykilstjórnenda og skaðleysi. Þá er gerður áskilnaður í starfskjarastefnunni um að hana þurfi að bera undir ársfund til samþykktar.

Opnað var fyrir umræðu um ofangreinda liði á dagskrá fundarins. Engin kvaddi sér hljóðs.

Starfskjarastefnan var borin undir atkvæði fulltrúaráðs sjóðsins. Berglind Stefánsdóttir veitti fundarmönnum upplýsingar um hvernig fulltrúaráðið gæti kosið rafrænt um þá dagskrárliði sem bornir eru undir atkvæði á fundinum. Starfskjarastefnan var samþykkt samhljóða með 27 atkvæðum og ekkert atkvæði var greitt á móti tillögunni.

5. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnarmanna

Í grein 5.17 í samþykktum sjóðsins stendur: „Á ársfundi skal kjósa fjóra einstaklinga og tvo til vara í nefnd um laun stjórnarmanna, til tveggja ára í senn. Þar af skal einn nefndarmanna vera formaður stjórnar sjóðsins.“

Eftirfarandi aðilar voru kosnir á síðasta ársfundi og því var ekki kosið um þennan dagskrárlið á þessum fundi.

Aðalmenn

- Margrét Sanders, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins
- Ólafur Stephensen, tilnefndur af Félagi atvinnurekenda
- Stefán Sveinbjörnsson, tilnefndur af VR, formaður stjórnar LV
- Svanhildur Þórsteinsdóttir, tilnefnd af VR

Varamenn:

- Harpa Sævarsdóttir, tilnefnd af VR
- Margrét Kristín Sigurðardóttir, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins

6. Tillögur að stjórnarlaunum og launum vegna setu í endurskoðunarnefnd

Stefán Sveinbjörnsson, stjórnarformaður, gerði grein fyrir tillögu að stjórnarlaunum:

Lagt er til að laun stjórnarmanna hækki um 5,06% og verði eftirfarandi:

- Laun aðalmanns verða kr. 193.678 á mánuði, hækka úr kr. 184.350
- Laun stjórnarformanns verða tvöföld laun aðalmanns
- Laun varaformanns verða ein og hálf laun aðalmanns

Varamenn fá greidd hálf mánaðarlaun aðalmanns fyrir hvern fund sem þeir sitja. Þá fá varamenn greiddar kr. 29.051 á mánuði. Í tengslum við greiðslur til varamanna er m.a. litið til þess að gera mætti ráð fyrir því að stjórnarmenn þurfi að fylgjast með störfum sjóðsins og eftir atvikum gögnum sem varða störf stjórnar.

Því til viðbótar fá varamenn sem fara í hæfismat á vegum sjóðsins, með þeim hætti að þeir fara í viðtöl hjá matsnefnd Fjármálaeftirlitsins, greidd einföld laun aðalmanns.

Gerð er tillaga um að laun nefndarmanna í endurskoðunarnefnd séu greidd eftir á einu sinni á ári og verða kr. 1.460.188 fyrir formann, svarar til kr. 121.682 á mánuði og kr. 730.094 fyrir aðra nefndarmenn, svarar til kr. 60.841 á mánuði.

Opnað var fyrir umræðu um ofangreinda liði á dagskrá fundarins. Engin kvaddi sér hljóðs.

Tillagan var borin undir atkvæði fulltrúaráðs. Atkvæðagreiðslan fór þannig að 28 atkvæði voru greidd með tillögunni og eitt atkvæði á móti. Tillagan var samþykkt.

7. Tillaga stjórnar um endurskoðanda og endurskoðunarfyrtæki

Stjórn lagði til að núverandi endurskoðandi, Kristinn Freyr Kristinsson, löggiltur endurskoðandi hjá PricewaterhouseCoopers ehf., yrði áfram endurskoðandi LV.

Tillagan var borin undir atkvæði fulltrúaráðs og var hún samþykkt samhljóða með 27 atkvæðum og ekkert atkvæði var greitt á móti tillögunni.

8. Önnur mál

Fundarstjóri bauð fundarmönnum um að tjá sig um önnur mál. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundi slitið kl. 19:09


Ólafur Guðafsson
Fundarstjóri


Helga Lára Hauksdóttir
Fundarritari

